

Alþingi  
Fjárlaganefnd

Reykjavík 9. maí 2019

### **Umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024, 750 mál.**

Hafrannsóknastofnun sendi atvinnuveganefnd umsögn um fjármálaáætlun þann 30. apríl. Vísað er til þeirrar umsagnar. Einnig var sent skilabréf starfshóps frá því í maí á þessu ári um fjármögnun Hafrannsóknastofnunar. Í hópnum voru fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar.

Sjávarútvegur stendur undir um 40 % af vöruútflutningi landsins og milli 20-25 % af útflutningi á vöru og þjónustu. Ísland hefur verið í fararbroddi í að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt. Grundvöllur þess eru góðar mælingar á stofnstærð nytjastofna og á magni og samsetningu afla. Ef gæði mælinga dvína verður ráðgjöf um afla minni vegna varúðarreglu. Auk þessa sinnir stofnunin rannsóknum og ráðgjöf í ám og vötnum og í fiskeldi. Mikilvægar tekjur eru af veiði í ám og vötnum og fiskeldi er í miklum vexti.

Fjárhagsvandi Hafrannsóknastofnunar á sér nokkrar orsakir. Um fjórðungur af rekstrarfé stofnunarinnar kemur í sértekjum, sem er að stórum hluta fjárframlög úr sjóðum og er Verkefnasjóður sjávarútvegsins þar stærstur. Fjárveitingar úr þessum sjóðum hafa rýrnað umtalsvert á liðnum árum. Þá hefur árleg hagræðingarkrafa valdið lækkun fjárveitinga sem uppsafnað eru orðnar verulegar fjárhæðir. Auk þess hefur stofnuninni verið falin ný verkefni og þeim hefur fylgt fjármagn sem er að mestu farið af fyrrgreindum ástæðum en eftir sitja fleiri verkefni en minna fjármagn.

Þetta gerist á sama tíma og gríðarlegar breytingar eru að eiga sér stað í hafinu og á lífríki þess. Hafstraumar og sjávarhiti og aðrir umhverfisþættir sjávar hafa breyst mikið. Kolefnisbúskapur hafsins er að breytast og hafið að súrna, en við Ísland eru til einhverjar lengstu samfelldu mælingar á súrnun hafsins. Þessar breytingar hafa haft mikil áhrif á útbreiðslu nytjastofna og stofnstærð þeirra sem kallar á meiri rannsóknir og dýrari. Útbreiðsla flestra tegunda við Ísland hefur breyst. Nefna má dæmi. Makrill er nú í miklu magni við Ísland sem ekki var áður. Á hinn

bóginn hefur loðnustofninn minnkað mikið og er nú mun norðar en nokkru sinni fyrr. Humarstofninn á í miklum vandræðum, magn sandsílis hefur minnkað mikið og valdið minnkun í stofnum sjófugla og landsels.

Í fjármálaáætlun eru fjárveitingar til málaflokka þannig að ekki er fyllilega ljóst hversu mikið fjármagn er ætlað til Hafrannsóknastofnunar.

Engu að síður er ljóst að í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir samdrætti í fjárveitingum meðan ljóst er að núverandi fjárveitingar duga ekki til að fjármagna kjarnastarfsemi Hafrannsóknastofnunar. Þó ber að fagna að nokkru er komið á móts við samdrátt í fjármögnun til stofnunarinnar frá Verkefnasjóði sjávarútvegsins með um 150 milljón króna viðbótarframlagi en starfshópurinn lagði til 227 milljón króna viðbót til að meðalstuðningi sjóðsins væri náð. Þarna munar 77 milljónum. Þá má benda á að í haust verður rannsóknaskipið Árni Friðriksson leigður til Noregs fyrir um 140 milljónir króna til að laga rekstur ársins og að sala á hrognkelsum er áætluð um 50 m.kr. Ekki er hægt að byggja á þessum tekjum til framtíðar.

Til að fjármagna núverandi kjarnastarfsemi Hafrannsóknastofnunar þarf að lágmarki 200 milljónir til viðbótar. Jafnframt þarf að tryggja að auknar fjárveitingar séu ekki skornar jafnharðan niður í árlegri hagræðingarkröfu.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri